

## A 1913/UVU

<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur hægrimanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga  
um öflug Norðurlönd með sameiginlega norræna stefnu í orkumálum****Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að þær styðji inntak þingmannatillögunnar um að skoða tækifæri til sameiginlegrar norrænnar stefnu um orkuframleiðslu og regluverk orkumarkaðarins.

**Skýring**

Heimurinn þarfnast orku til að tryggja góð líf skjör, atvinnu og hagvöxt. Á sama tíma stöndum við frammi fyrir orkuskiptum sem eru bráðnauðsynleg til úrbóta í loftslagsmálum. Norðurlönd, Evrópa og heimurinn þarfnast raforkuframleiðslu og orkunotkunar sem hafa ekki neikvæð áhrif á loftslagið. Forsendur til að takast á við orkuskiptin eru gríðarlega ólíkar á heimsvísu. Norðurlöndin hafa mjög góðar forsendur til að bæði takast á við orkuskiptin og um leið ná áframhaldandi hagvexti. Viðhald hagvaxtar er forsenda þess að geta tekist á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Vatn, vindur, sól og lífrænt hráefni frá landbúnaði og skógum veita í dag bæði raforkuframleiðslu og samgöngum endurnýjanlega orku. Ásamt kjarnorku höfum við á Norðurlöndum því sem næst enga losun í raforkuframleiðslu okkar og við vinnum á markvissan hátt að umskiptum á sviði iðnaðar- og samgöngumála. Ef áframhaldandi orkuskipti eiga að takast krefst það þess að við á Norðurlöndum getum nýtt orkuauðlindir okkar á sem hagkvæmastan hátt. Í dag sjáum við að Evrópusambandið greinir stundum á við okkur hér á Norðurlöndum um hvernig við eigum að nýta auðlindir okkar til að ná fram loftslags- og umhverfismarkmiðum og um leið viðhalda velferð og hagvexti. Evrópusambandið hefur til dæmis sýnt á skýran hátt að það hefur aðra skoðun á nýtingu orku frá skógum, sambandið dregur stöðugt í efa gildi lífráefnis sem orkugjafa.

Innan Evrópusambandsins má finna nokkur mismunandi líkön fyrir niðurgreiðslu og hvata til að auka loftslagsvæna raforkuframleiðslu. Mismunandi efnahagslegar aðstæður valda því að fjárfestingar enda ekki alltaf þar sem þær gera mest gagn,



heldur þar sem ágóðinn er mestur fyrir fjárfestana. Evrópusambandið hefur skoðanir á þessu og umræðan um þörfina á nýjum evrópskum orkupakka skýtur reglulega upp kollinum.

Með sívaxandi óöryggi á næstu grannsvæðum Norðurlanda fylgir einnig þörfin á að tryggja stöðugt og öruggt framboð orku. Það segir sig sjálft að á friðartímum þarf að hafa getu til bæði innflutnings og útflutnings orku. Það skapar hvata fyrir fjárfestingar á Norðurlöndum, bæði í orkuframleiðslu sem og í allri annarri starfsemi sem krefst stöðugs framboðs orku. Á ófriðartímum ræður getan til að geta framleitt orku sjálfur úrslitum fyrir varnargetu lands, því er fullt tilefni til að skoða í sameiningu tækifæri til samstarfs á þessu sviði.

Á þessu sviði eiga og mega norrænu löndin ekki standa hvert fyrir sig í viðræðum við Evrópusambandið. Við sáum þann styrk sem felst í norrænni samstöðu í viðræðum um skógarnyttjar og málefni skóga. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin eru hagvaxtarsvæði í útjaðri ESB, með kerfisbundnu og formlegu samstarfi um mikilvæg ESB-málefni, eins og orkumálin, mun okkur einnig áfram vegnast vel. Það er öllum Norðurlöndunum til hagsbóta, okkur sem hér búum og öflugri Evrópu.

Norðurlöndum, 11. febrúar 2022

*Ásmundur Friðriksson (Sj.)*

*Atte Kaleva (saml)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*

*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*

*Hans Wallmark (M)*

*Helge Orten (H)*

*Lene Westgaard-Halle (H)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Pål Jonson (M)*

*Trøen Tone Wilhelmsen (H)*

*Ville Kaunisto (saml)*

*Wille Rydman (saml)*